



Grunnskólinn á Ísafirði

Hræringur

5. – 7. bekkur

Næsta vetur verður nemendum 5.- 7. bekkjar áfram boðið að velja sér viðfangsefni þrjár kennslustundir á viku. Tvær kennslustundir verða á miðvikudögum og ein á föstudögum og verður skipt í fjögur 8-9 vikna tímabil. Hver nemandi mun því fara í fjögur viðfangsefni á miðvikudögum og fjögur á föstudögum yfir allan veturinn.

Nemendur eru beðnir um að velja, í samráði við forsjáraðila sína, sex viðfangsefni fyrir hvorn dag – sjá valblaðið sjálft á öftustu síðu.

Markmið hræringis er að auka fjölbreytni viðfangsefna í skólanum og nemendur fái fleiri tækifæri til að sinna verkefnum sem þeir hafa áhuga á.

Þetta fyrirkomulag er eftir forskrift Aðalnámskrár grunnskóla og eykur möguleika nemenda á því að ráða meiru um hvernig þeir haga námi sínu.

Sumar valgreinar eru þær sömu og í fyrra, þannig að ekki er ráðlegt að velja þær sömu aftur.

Það skal tekið fram að stundum er ekki hægt að verða við öllum óskum nemenda varðandi valið, stundum fellur kennsla ákveðinna hópa niður ef of fáir velja, og sumar valgreinar eru vinsælli en aðrar. Þá verður að skoða hvaða grein getur komið í staðinn. Þess vegna eiga nemendur að merkja valið með tölustöfum þannig að nr. **1** sé það sem þá langar helst til að fara í, síðan nr. **2** og svo framvegis upp í **6**.

Ef óskað er frekari skýringa er best að hringja í skólann og tala við umsjónarkennara í síma 450 8300.

Valblaði skal skila til umsjónarkennara eigi síðar en föstudaginn 22.maí.

Miðvikudagur (2 tímar á viku)

Leiklist

Nemendur læra að nýta sér hugmyndir jafningja og leggja fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþátta.

FabLab

Nemendur nýta sitt eigið frumkvæði og sköpun til að ná tökum á grunnþáttum þeirra forrita sem notuð eru í FabLab. Kennslan fer fram í FabLab smiðju á Torfnesi.

Frjálsar íþróttir

Nemendur fá tækifæri til þess að kynnst frjálsum íþróttum. Farið er í grunnatriði í stökkum, hlaupum og líkamsbeitingu, og leiki sem tengjast frjálsum íþróttum.

Áhugasvið

Nemendur velja sér eigið áhugasvið og afla sér upplýsinga á netinu og í bókum á skólasafni. Fjölbreytt skil í samráði við kennara.

Grenndarkennsla

Nemendur fara nokkrum sinnum yfir tímabilið í heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir í bænum og kynnst því hvað er að gerast í nærumhverfinu og læra um það. Í kjölfarið er unnið verkefni út frá hverri heimsókn.

Útivist í nærumhverfi

Farið verður í gönguferðir, hjólaferðir, sleðaferðir og fleira í nærumhverfi skólans sem reynir á úthald og þrautseigju. Nemendur koma klæddir eftir veðri og vindum.

Búninga- og fatasaumur

Nemendur læra að sauma búninga og fót upp úr gömlum fötum út frá einföldum sniðum. Boðið upp á fatalitun og ýmsar útfærslur á fötum.

Ræktun, bakstur og allskonar bras

Fjölbreyttur bakstur og einföld matargerð í bland við ræktun matjurta. Val á verkefnum eru í takt við árstíðina hverju sinni.

Tónsmíði

Skapandi tónlistarsmiðja fyrir byrjendur. Lært verður um grunnatriði tónlistargerðar í gegnum forritið GarageBand og þekkingin nýtt til að skapa fjölbreytta og skemmtilega tónlist.

Föstudagur (1 tími á viku)

Himingeimurinn

Farið í ferðalag um og út fyrir sólkerfið, kynnst helstu hugtökum og fyrirbærum sem þar eru í samræmi við vísindin í dag. Boðið upp á módelsmíði með reikistjórnur og stjörnur.

Spænska

Að nemendur fái nokkra innsýn í tungumálið, og helstu framburðarreglur. Miðað er við að nemendur geti sagt frá sjálfum sér og spurt einfaldra spurninga.

Myndlist og sköpun

Horft saman á stutt og skemmtileg myndbönd um stefnur í listasögunni, teiknað og rætt saman.

Tákn með tali

Nemendum gefst kostur á að læra samskiptamátann tákn með tali (TMT) þar sem tákn eru notuð með talaðri íslensku. Tákn með tali er mikið notað með fötluðum börnum sem ekki hafa náð færni í tali en hafa þarna möguleika á tjáningu. Því er dýrmætt fyrir þau að hafa skólafélaga sem einnig geta notað og skilið tjáningu þeirra.

Lestur og hlustun

Lögð verður áhersla á að hlusta á eða lesa saman valda kafla í bókum eftir þekkta höfundu. Einnig er yndislestur í boði að vali hvers og eins.

Píla

Nemendur læra undirstöðuatriði í pílukasti á skemmtilegan og öruggan hátt. Píla er íþrótt sem sameinar fimi, einbeitingu og útreikninga – og hentar vel bæði þeim sem vilja keppa og þeim sem vilja bara hafa gaman

Skák

Nemendur kynnast reglum skáklistarinnar, læra grunnatriði í áætlanagerð og taktík, einnig valdar byrjanir og einföld mátstef.

Dans

Nemendur læra um mismunandi tegundir dansa og sögu þeirra ásamt hreyfingum sem tengjast þeim. Nemendur æfast í að semja dansa, bæði einir og í hópum. Sum verkefni geta verið skrifleg. Dönsum og höfum gaman!

Skyndihjálp

Aðeins fyrir nemendur í 6. og 7. bekk

Skyndihjálparnámskeið þar sem farið er í grunnatriði skyndihjálpar og nemendur öðlast lágmarksfærni í að veita slösuðum eða veikum aðstoð í bráðatilfellum.

Tálgun og útskurður

Nemendur læra að nota tálguhnífa og útskurðajárn og tækni við tálgun og útskurð.

Útivist og leikir

Markmiðið er að mæta þörf nemenda fyrir útivist og hreyfingu og efla félagslega færni. Skipulagðir verða leikir af ýmsu tagi og útivist í samræmi við veður.

Ævintýrasmiðja – lífsleikni

Í þessari smiðju æfum við okkur í að vera betri félagar, vinna saman og styrkja sjálfsmynd okkar. Við lærum í gegnum hópeflisleiki, samvinnuverkefni, skapandi tjáningu og samtöl um tilfinningar og samskipti. Við förum líka út og leysum áskoranir í náttúrunni. Þetta er skemmtilegt og fjölbreytt námskeið sem hjálpar þér að kynnast sjálfum þér og öðrum betur, auka sjálfstraust og verða hluti af öflugum hópi.

Valblað fyrir 5. – 7. bekk skólaárið 2026-2027

Nafn: _____ Núverandi bekkur: _____

Valblaðinu skal skila í síðasta lagi föstudaginn 22.maí 2026

Númerið frá 1 upp í 6, þannig að það sem ykkur langar mest að gera verði númer 1, næstmest númer 2 og svo framvegis.

Bent skal á að ekki er ráðlegt að nemendur velji sömu valgrein og á síðasta ári.

Miðvikudagur Númerið frá 1 og upp í 6	Föstudagur Númerið frá 1 og upp í 6
<input type="checkbox"/> Leiklist	<input type="checkbox"/> Himingeimurinn
<input type="checkbox"/> FabLab	<input type="checkbox"/> Spænska
<input type="checkbox"/> Frjálsar íþróttir	<input type="checkbox"/> Myndlist og sköpun
<input type="checkbox"/> Áhugasvið	<input type="checkbox"/> Tákn með tali
<input type="checkbox"/> Grenndarkennsla	<input type="checkbox"/> Lestur og hlustun
<input type="checkbox"/> Útivist í nærumhverfi	<input type="checkbox"/> Píla
<input type="checkbox"/> Búninga- og fatasaumur	<input type="checkbox"/> Skák
<input type="checkbox"/> Ræktun, bakstur og bras	<input type="checkbox"/> Dans
<input type="checkbox"/> Tónsmíði	<input type="checkbox"/> Skyndihjálpi (fyrir 6. og 7. bekk)
	<input type="checkbox"/> Tálgun og útskurður
	<input type="checkbox"/> Útivist og leikir
	<input type="checkbox"/> Ævintýrasmiðja

Samþykki foreldris: _____